

Leikefnisstefna Hulduheima

Leikskólinn Hulduheimar leggur áherslu á að vera með sterkan og endingargóðan efnivið sem uppfyllir alþjóðlega gæðastaðla.

Áhersla er lögð á að efniviðurinn sé opinn og fjölbreyttur, að hann sé nýttur til sköpunar sem og í frjálsum leik. Leikefni leikskólans skal vera hvetjandi og höfða til mismunandi skynjunar og örva börnin til rannsókna og kannana (Mennta- og menningaráðuneytið, 2011, bls. 40)

Þá skal efniviður vera hvetjandi fyrir börnin til að byggja á eigin reynslu, ýta undir ímyndunarafli, sköpunarkraft og tjáningu svo hugmyndir þeirra blómstri.

Þá skal leikefni leikskólans vera fjölbreytt og höfða til barna með mismunandi færni, á ólíkum aldri og af ólíkum uppruna.

Við leggjum áherslu á að veita börnum jöfn tækifæri til leikja, því forðumst við staðalímyndir í leikefni sem vísa t.d. til kynbundinna hlutverka.

Einnig leggjum við áherslu á að endurmeta og yfirfara leikefni reglulega.